

**Íþróttabandalag Hafnarfjarðar**  
Stofnað 28. apríl 1945



*Pinggerð*  
*50. þings ÍBH*

**Haldið laugardaginn 20. maí 2017**  
**í Álfafelli Íþróttahúsinu við Strandgötu**

Dagskrá þingsins var samkvæmt 11. grein laga ÍBH.

**1. Þingsetning Hrafnkell Marinósson formaður ÍBH.**

Hrafnkell fór yfir árangur íþróttá á tímabilinu 2015 – 2016, fjölda iðkenda og framkvæmdir á íþróttamannvirkjum á tímabilinu. Hann kom einnig inn á fjárhag íþróttamála í Hafnarfirði, rekstur íþróttafélaganna sem hefur verið erfiður og nýja þjónustusamninga sem félögin gerðu á síðasta ári, en Hafnarfjarðarbær þarf að bæta verulega í þá svo þeir verði sambærilegir við nágrannasveitarfélögin. Þing ÍBH er vettfangur félaganna til að ræða málín.

**2. Kosning fyrsta og annars þingforseta og fyrsta og annars þingritara.**

Stungið upp á Jóni Marinóssyni sem þingforseta og Hafsteini Þórðarsyni til vara. Stungið upp á Hlín Ástþórsdóttur sem þingritara og Ingimari Ingimarssyni til vara. Samþykkt með lófaklappi.

**3. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.**

Ferdinand Hansen formaður, Karl Georg Klein og Jelena Kospenda Kjörbréfanefnd tekur til starfa.

**4. Skýrsla stjórnar: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.**

Elísabet stikklaði á stóru úr skýrslu stjórnar en tók fram að eintak af skýrslunni væri fyrir hvert félag í salnum og á heimasíðu ÍBH [www.ibh.is](http://www.ibh.is). Í skýrslunni var byrjað á að fara yfir síðasta þing 2015. Hafnarfjarðarbæ var þakkað sérstaklega fyrir hátíðarfanann sem þeir færðu ÍBH í tilefni af 70 ára afmæli bandalagsins. Tímaúthlutun á íþróttasölum eða íþróttavöllum hefur oft verið mikið áttakamál á milli félaganna, samkomulög voru gerð um úthlutanir 2015 og 2016. ÍBH veitir félögunum upplýsingar varðandi alla fundi, kynningar og fræðslu. Athygli vakin á forvarnardegi, fyrir 9. bekk grunnskóla, fyrirmyndir úr íþróttastarfinu fara í skólanna til að kynna íþróttastarf. Ungu fólknið er að nota mannvirkin okkar daglega. Hjólreiðafélagið Bjartur hefur sinnt almenningsíþróttaverkefni Hjólað í vinnuna í samvinnu við ÍSÍ. Heilsuefandi framhaldsskóli, Flensborg var fyrsti skólinn á landinu til að fara inn í það verkefni. Flensborgarhlaupið er orðin árviss viðburður og hjálpa skokkhópur Hauka og hlaupahópur FH skólanum að halda hlaupið. Í stjórn Afreksmannasjóðs eru þrjár fulltrúar ÍBH og tveir fulltrúar frá Hafnarfjarðarbæ, en sjóðurinn er m.a. byrjaður að styrkja aftur unga og efnilega íþróttamenn. Farið yfir skiptingu afreksstyrkja, ferðastyrkja og styrkja vegna Evrópukeppni félagsliða 2015 og 2016. Vel hefur tekist til við reglugerð Afreksmannasjóðs ÍBH, en félögin hafa verið duglega að taka þátt í vinnu við endurskoðun hans. Á Smáþjóðaleikunum 2015 sem haldnir voru á Íslandi voru 24 keppendur úr aðildarfélögum ÍBH. Hrafnhildur Lúthersdóttir Sundfélagi Hafnarfjarðar skaraði fram úr og náði tveimur Ólympíulágmörkum. Hún var síðan eini íþróttamaðurinn úr aðildarfélögum ÍBH sem keppti á Ólympíuleikunum 2016 í Ríó í Brasilíu. Formannafundur ÍBH haldin í nóvember 2016 hjá Hestamannafélaginu Sörla til undirbúnings fyrir þing ÍBH. Íþróttaping ÍSÍ 2015 endurskoðaði m.a. barna- og unglíngastefnu ÍSÍ og gaf út nýja bækling með henni sem hægt er að nálgast á heimasíðu ÍSÍ undir fræðslu. Starfsskýrslum ÍSÍ þarf að skila til ÍSÍ inn í Felixkerfið fyrir 15. apríl árlega. Félög sem skila ekki á réttum tíma geta lenti í keppnisbanni. 90% af tekjum ÍBH frá Íslenskri Getspá (Lottó) er úthlutað til aðildarfélaga ÍBH. Upphæðir í þjónustusamningum Hafnarfjarðarbæjar til aðildarfélaga ÍBH eru ennþá lágur miðað við sem gerist í nágrannasveitarfélögunum sem er ástæðan fyrir því að félögin eru ennþá að fá svo stóran hluta af þessum tekjum.

Aðildarfélög ÍBH eru hvött til að sækja um nafnbótina Fyrirmyndarfélag/-deild ÍSÍ. Viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar milli jóla og nýárs árlegur viðburður, mikill fjöldi Íslandsmeistara. Heildarárangur betri á árinu 2016 en 2015.

Samningur milli Rio Tinto og Hafnarfjarðarbæjar um íþróttastyrki fyrir 16 ára og yngri er félögunum mjög mikilvægur. Frístundastyrkir frá Hafnarfjarðarbæ breyttust í nóvember 2016, eru nú ein íþróttagrein í stað tveggja áður. Mikill fjöldi íþróttafélaga í Hafnarfirði áttu stórafmæli á tímabilinu. Elísabet fór yfir nýframkvæmdir og viðhald á íþróttamannvirkjum á tímabilinu. Millipinganevnd hefur verið starfandi varðandi forgangsröðun í uppbyggingu mannvirkja í Hafnarfirði frá síðasta þingi.

Íþróttafélögin eiga góða samvinnu við skólana í bænum. Hátt í 200 nemendur stunda nám við Íþróttafreksbraut Flensborgarskóla, gífurlega mikilvægt er að hlúa að því samstarfi. Nýir formenn í nokkrum félögum á tímabilinu.

Heimsókn framkvæmdastjórnar ÍSÍ í Hafnarfjörð í nóvember 2016 var vel heppnuð, heimsótt voru nokkur félög og aðstaða þeirra skoðuð. Þau félög sem ekki voru heimsótt gátu kynnt ÍSÍ starfsemi sýna yfir kvöldverð sem var haldinn í félagsheimili Golfklúbbsins Keilis.

### **Reikningar ÍBH: Ingvar Kristinsson varaformaður ÍBH.**

Ingvar fór yfir reikninga bandalagsins. Komið hafa inn athugasemdir um að það sé of mikið af peningum til hjá ÍBH. Það er ekki ætlunin að safna peningum hjá ÍBH.

Ingvar fór yfir lykiltölur úr ársreikningum ÍBH og Afreksmannasjóðs ÍBH fyrir 2015 og 2016. Notkun á íþróttamannvirkjum er inn í tölunum en það væri gott að það væri skýrara hvernig þær eru reiknaðar út.

Lottó tekjur hafa aukist mikið og útleiga til almennings hefur aukist.

Gjaldaliðurinn önnur gjöld hefur aukist en aðalástæða þess er ritun sögu ÍBH.

Niðurstæða hagnaður upp á rúmar fimm milljónir fyrir bæði árin

Afreksmannasjóður ÍBH, ákveðið var að breyta fyrirkomulagi og greiða jafnóðum út úr sjóðnum, sem hefur komið vel út.

Viljum auka tekjur sjóðsins til að geta styrkt betur við afreksstarfið, reglur sjóðsins eru góðar og gagnsæar. Þyrfti að vera skýrara hvaða þjónustu á ÍBH að veita félögunum og Hafnarfjarðarbæ. Stjórn og endurskoðendur hafa áritað reikningana án athugasemda.

## **5. Ávörp gesta.**

### **Gunnar Svavarsson Frjálsíþróttasambandi Íslands (FRÍ).**

Gunnar var í stjórn ÍBH fyrir mörgum árum og margir hér hafa verið allan þennan tíma. Flutti kveðju Frjálsíþróttasambandsins og þakkar samstarfið, flutti einnig kveðju frá sambandinu til Hafnarfjarðarbæjar. Feginn að vera hættur í pólitík. Það eru allir að vinna íþróttunum í hag. Orðunefnd FRÍ ákvað að veita einstaklingum heiðursmerki á þinginu fyrir margvísleg sjálfboðaliðastörf í frjálsíþróttahreyfingunni, Steinn Jóhannsson fékk silfurmerki FRÍ, Sigurlaugu Ingvarsdóttir fékk eirmerki FRÍ og Sólveigu Kristjánsdóttir fékk eirmerki FRÍ.

Einnig fengu Hrafnkell Marinósson formaður ÍBH og Viðar Halldórsson formaður FH silfurmerki FRÍ fyrir uppbyggingu á góðri aðstöðu fyrir iðkun frjálsíþróttanna í Hafnarfirði.

### **Sigríður Jónsdóttir framkvæmdastjórn Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ).**

Flutti kveðju Lárusar Blöndal forseta ÍSÍ og Líneyjar Halldórsdóttur framkvæmdastjóra ÍSÍ.

Sigríður tók þátt í heimsókn framkvæmdastjórnar ÍSÍ í Hafnarfjörð 1. nóvember sl. og þakkar móttökur í heimsókninni. Smáþjóðaleikarnir á Íslandi 2015 tókust vel, þátttaka íþróttamanna var góð, margir sjálfboðaliðar störfuðu við leikana og góður árangur náðist. Sigríður er í forsvari fyrir fræðsluvið ÍSÍ. Sviðið hefur lagt áherslu á að bæta þekkingu þjálfara sem á að leiða til betra starfs í hreyfingunni. Íþróttahreyfingin á Íslandi er að ná ótrúlegum árangri miðað við fólksfjölda á Íslandi. Ekkert íþróttastarf gengur án sjálfboðaliða. Hjá ÍSÍ hefur verið gott starfsfólk í gegnum tíðina. Mikið af fræðslufni ÍSÍ tekið upp og sett inn á netið. Mikið efni á boðstólnum og getur verið erfitt að sía úr. Mikilvægt að hafa fræðslufnið aðgengilegt. ÍSÍ sækir á ríki og sveitarfélög um aukin fjárframlög, sýnt sig að það er góð fjárfesting að styrkja barna- og unglíngastarf en mikilvægt að hafa skýrt og gagnsætt reikningshald. Ef íþróttahreyfingin skilgreinir starfið vel, skilar það sér í auknum fjárframlögum. Mun fagmannlegra starf núna en fyrir 25 árum. Sigríður var svo heppin að fá að fylgjast með Hrafnhildi á Ólympíuleikunum í Ríó og er ótrúlega stolt af hennar árangri, hennar afrek á árinu voru mjög einstök, að öðrum ólöstuðum skaraði Hrafnhildur fram úr. Afreksmenn úr sunni fóru í heimsókn út á land og fékk ÍSÍ sent þakkarbréf vegna þess. Sigríður vonar að þakkarbréfið sé komið á heimasíðu ÍSÍ. Sigríður ræddi um veðmálastarfsemi og telur að þar þurfi að sporna við fótum og koma í veg fyrir þessa konar starfsemi. Veðmálastarfsemi getur eyðilaggt íþróttirnar. Að sögn Sigríðar ber íþróttahreyfingunni að standa vörð um Íslenska Getspá (Lottó) það er í eigu íþróttahreyfingarinnar.

### **Rósa Guðbjartsdóttir formaður bæjarráðs Hafnarfjarðar**

Rósa var ánægð að sjá hátíðarfanann sem Hafnarfjarðarbær gaf ÍBH í tilefni 70 ára afmælisins sem var saumaður af nunnunum í Karmelklausstrinu í Hafnarfirði. Rósa lagði áherslu á að íþróttahreyfingin í Hafnarfirði og Hafnarfjarðarbær væru eitt og sama liðið. Fyrir hönd bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þakkaði hún fyrir störf og samstarfið við íþróttahreyfinguna í Hafnarfirði. Hjá Hafnarfjarðarbæ hefur mikil vinna farið í að endurskoða rekstrar- og þjónustusamninga við íþróttafélögin, að hennar sögn voru þeir of margir, of ólíkir og einnig þurfti að gera þá skýrari. Vinna við eignaskiptasamninga hefur líka tekið mikinn tíma. Rósa las yfir tillögu bæjarins um íþróttamannvirki varðandi eignarhald. Breyta þarf um stefnu til að einfalda hlutina og telur hún að það eigi eftir að vera íþróttunum til heilla. Það einfaldar ákvarðanatöku þegar hlutirinn eru skýrir og gegnsæir. Það eru allir að gera sitt besta og hefur Hafnarfjarðarbær fullan hug á að vinna að áframhaldandi uppbygginu miðað við efni og aðstæður hverju sinni. Það er ekki verið að kveða niður frumkvæði íþróttafélaganna. Hafnarfjörður er heilsueflandi samfélag, skiptir máli að íþróttafélögin taki þátt í því. Að lokum óskaði hún þingfulltrúum góðs gengis á þinginu í dag og minnti á móttökuna í Hafnarborg að þingi loknu.

Kjörbréfanefnd hefur farið yfir kjörbréf. Ferdinand Hansen formaður skýrði niðurstöður nefndarinnar. Lyftingafélag Hafnarfjarðar er eina félagið sem skilaði ekki inn kjörbréfi. Ferdinand las yfir fjölda fulltrúa félaga. Heildar fulltrúafjöldi er 70 en 67 hafa atkvæðisrétt á þinginu samkvæmt kjörbréfum.

### **6. Umræða og afgreiðsla um ársskýrslu og ársreikninga.**

Hörður Þorsteinsson bað um orðið. Hann þakkaði stjórn bandalagsins fyrir unnin störf og góða skýrslu, þó að stiklað hefði verið á stóru við flutning skýrslunnar liggur mikil vinna við að taka hana saman. Hörður hefur setið í tímaúthlutunarnefnd og liggur

mikil vinna á bakvið hverja úthlutun. Hörður notaði tækifærið og talaði um þá sérkennilegu stefnu bæjarins að byggja íþróttahús við skólana sem nýtist ekki fyrir íþróttastarf og að húsin standi auð eftir að skóla lýkur á daginn. Að mati Harðar vantar samtal og samvinnu við íþróttahreyfinguna um þessi mannvirki. Íþróttakennararnir sjálfir eru ekki sáttir, þarf að vera meira samstarf milli skóla og íþróttafélaga. Skýrsla stjórnar borin upp til samþykktar og verður þingskjal 1, samþykkt.

Hafsteinn Þórðarson bað um orðið og vildi frekari skýringar á 2,5 milljónum króna greiðslu í sögu ÍBH. Einnig vildi hann vita hvort sagan yrði aðgengileg. Ennfremur spurði hann um hvort fjármagn ÍBH sé allt hjá einum banka og ef svo sé hvort það sé ekki samkomulag um styrk frá þeim banka.

Elísabet svaraði fyrirspurn Hafsteins. Varðandi sögu ÍBH þá er allur texti kominn til ÍBH en það vantar myndir og er verið að vinna í að klára verkið, það verður aðgengilegt öllum á heimasíðu bandalagsins.

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar er með einn viðskiptabanka sem er í dag Íslandsbanki. Sparisjóður Hafnarfjarðar, Byr og nú Íslandsbanki hefur í gegnum tíðina verið að styrkja félögin í bænum og er samkomulag um að ÍBH fara ekki inn á þau mið að svo stöddu.

Reikningar bornir upp til samþykktar, þingskjal 2, samþykkt.

#### 7. Kosnar fjórar fastanefndir: Fjárhagsnefnd, allsherjarnefnd, íþróttanefnd og laganefnd.

Tillögur um nefndarmenn lesnar upp, engar athugasemdir, samþykkt.

**Fjárhagsnefnd:** Ingvar Kristinsson formaður, Magnús Gunnarsson, Gunnlaugur Sveinsson, Kristín Garðarsdóttir og Guðmundur Örn Óskarsson.

**Allsherjarnefnd:** Kristbjörn Óli Guðmundsson formaður, Samúel Guðmundsson, Viðar Halldórsson, Ingólfur Arnarson, Anders Már Þráinsson og Haukur J. Eiríksson.

**Íþróttanefnd:** Sigurður Haraldsson formaður, Valgerður Sigurðardóttir, Arnar Atlason, Atli Már Sigurðsson og Aðalbjörg Óladóttir.

**Laganefnd:** Ragnar Hilmarsson formaður, Þórarinn Sófusson og Kristinn Arason.

#### 8. Kynning á tillögum og málum sem liggja fyrir þinginu og þeim vísað til nefnda.

Fyrir þinginu liggur 21 tillaga og ein ný tillaga sem þingið verður að samþykkja að taka fyrir.

**Fimleikafélagið Björk.** Tillaga um undirbúning að uppbyggingu íþróttamannvirkja fyrir Björk. Ingvar Kristinsson gerði grein fyrir tillögunni, núverandi salur löngu sprunginn. Vísað til allsherjarnefndar, þingskjal 3.

**Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar.** Tillaga um forgangsroðun. Haukur Eiríksson gerði grein fyrir tillögunni, eru að fylgja eftir fyrri samþykktum varðandi húsnæðismál. Vísað til allsherjarnefndar, þingskjal 4.

**Fimleikafélag Hafnarfjarðar.** Tillaga um forgangsroðun. Viðar Halldórsson gerði grein fyrir tillögunni, mikilvægt að byggja ódýrt og hagkvæmt en um leið góða aðstöðu, knattspyrnan situr eftir eins og nýleg þarfagreining sýnir, mikil vöntun á vetraraðstöðu sem er til skammar fyrir knattspyrnuna. Vísað til allsherjarnefndar, þingskjal 5.

**Framkvæmdastjórn ÍBH.** Tillaga um fjárhagsáætlun. Ekki var gerð grein fyrir tillögunni. Vísað til fjárhagsnefndar, þingskjal 6.

**Golfklúbburinn Setberg og Golfklúbburinn Keilir.** Tillaga um uppbyggingu íþróttasvæðis með golfvelli. Arnar Atlason og Högni Friðþjófsson formenn beggja félaga gerðu grein fyrir tillögunni. Liggur fyrir að landsvæði Setbergsvallar fer í annað skipulag, hugsanlega fær félagið að vera þar í 4 – 5 ár í viðbót. Tillaga um samstarfsverkefni þar sem byggt væri upp íþróttamiðstöð með öllum íþróttum, framtíðarsvæði við Hvaleyrarvatn. Vísað til allsherjarnefndar, þingskjal 7.

**Knattspyrnfélagið Haukar.** Tillaga um forgangsöröðun. Samúel Guðmundsson gerði grein fyrir tillögunni. Mikil vinna á Ásvöllum í samvinnu við Hafnarfjarðarbæ, sýndi myndband. Einstakt íþróttasvæði. Það sem mælir með uppbyggingu á svæðinu er að það eru fjölmenn íbúahverfi í nágrenninu, stutt í stofnbrautir, Haukar byggja fjölnota sýninga- og knattspyrnuhús, metnaðarfullt hús sem endist til framtíðar. Til að fjármagna knattspyrnuhúsið er stefnt að byggingu 80 íbúða í nágrenninu fyrir aldraða með þjónustumiðstöð. Sýndi annað myndband, er þeirrar skoðunar að komið sé að Haukum í uppbyggingu mannvirkja. Vísað til allsherjarnefndar, þingskjal 8.

**Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar.** Tillaga um forgangsöröðun. Helga Valdís Björnsdóttir gerði grein fyrir tillögunni. Félagið er að berjast fyrir bættri aðstöðu, núverandi húsnæði er skemmt, rakaskemmdir, mygla, leki, loftræsting virkar ekki og vatnslagnir ónýtar. Teljum að Hnefaleikafélagið sé í verstu aðstöðunni. Staðsetning er ekki góð þegar er verið að vinna með börn og unglunga og ekki samleið með nágrönnum. Of há leiga miðað við ástand húsnæðis. Vísað til allsherjarnefndar, þingskjal 9.

**Framkvæmdastjórn ÍBH.** Tillaga um rekstrarhandbók. Ekki var gerð grein fyrir tillögunni. Vísað til Íþróttanefndar, þingskjal 10.

**Framkvæmdastjórn ÍBH.** Tillaga um að efla hæfileikamótun íþróttanna í Hafnarfirði. Ekki var gerð grein fyrir tillögunni. Vísað til íþróttanefndar, þingskjal 11.

**Framkvæmdastjórn ÍBH.** Tillaga um að endurnýja aðildarumsókn ÍBH að UMFÍ. Ekki var gerð grein fyrir tillögunni. Vísað til íþróttanefndar, þingskjal 12.

**Framkvæmdastjórn ÍBH.** Tillaga um að fella niður 10% kostnaðarhluta íþróttafélaga í nýframkvæmdum íþróttamannvirkja. Ekki var gerð grein fyrir tillögunni. Vísað til fjárhagsnefndar, þingskjal 13.

**Framkvæmdastjórn ÍBH.** Tillaga um að hvetja Hafnarfjarðarbæ til að hækka afreksstyrki til liða. Ekki var gerð grein fyrir tillögunni. Vísað til fjárhagsnefndar, þingskjal 14.

**Framkvæmdastjórn ÍBH.** Tillaga um að hækka frístundastyrki til eldri borgara. Ekki var gerð grein fyrir tillögunni. Vísað til fjárhagsnefndar, þingskjal 15.

**Framkvæmdastjórn ÍBH.** Tillaga um að hækka frístundastyrki til 6-18 ára. Ekki var gerð grein fyrir tillögunni. Vísað til fjárhagsnefndar, þingskjal 16.

**Framkvæmdastjórn ÍBH.** Tillaga um að hækka upphæðir í þjónustu- og rekstrarsamningum íþróttafélaga. Ekki var gerð grein fyrir tillögunni. Vísað til fjárhagsnefndar, þingskjal 17.

**Framkvæmdastjórn ÍBH.** Tillaga um aukið samstarf við íþróttafreksbraut Flensborgarskólans um fræðslu. Ekki var gerð grein fyrir tillögunni. Vísað til íþróttanefndar, þingskjal 18.

**Framkvæmdastjórn ÍBH.** Tillaga um aukið ungmennalýðræði. Ekki var gerð grein fyrir tillögunni. Vísað til íþróttanefndar, þingskjal 19.

**Framkvæmdastjórn ÍBH.** Tillaga um nýjan þjónustusamning ÍBH við Hafnarfjarðarbæ. Ekki var gerð grein fyrir tillögunni. Vísað til fjárhagsnefndar, þingskjal 20.

**Stjórn ÍBH** – tillaga um lagabreytingu ÍBH. Ekki var gerð grein fyrir tillögunni. Vísað til laganefndar, þingskjal 21.

**Milliþinganefnd 49. þings ÍBH.** Tillaga um forgangsörðun í uppbyggingu íþróttamannvirkja frá 49. þingi ÍBH eða síðar. Kristbjörn Óli Guðmundsson gerði grein fyrir tillögu milliþinganefndar, las upp tillöguna, en hún fjallar um áætlun til fimm ára um forgangsörðun í byggingu íþróttamannvirkja í bænum, þessi forgangssörðun er og verður álitamál. Að hans mati á það ekki að vera á vegum félaganna að safna peningum fyrir húsnæði. Vísað til allsherjarnefndar, þingskjal 22.

**Hestamannafélagið Sörli.** Tillaga um forgangsörðun. Atli Már Ingólfsson gerði grein fyrir tillögunni. Reiðhöllin var byggð fyrir áratugum í sjálfboðastarfi. Kennsluáðstæður eru þær að tveir til fjórir geta notað aðstöðuna í einu. Ný reiðhöll er nauðsynleg til að halda fólki áfram í félaginu, ekki verið byggð hesthús í nágrenninu þar sem ekki er aðstaða á svæðinu til innviðkunar. Gríðarleg þróun í íþróttinni. Skipulagsvinna hefur farið fram í samráði við Skógræktarfélag Hafnarfjarðar. Vísað til allsherjarnefndar, þingskjal 23.

### Viðbótartillögur og mál.

Viðbótartillaga sem barst of seint frá Brettafélagi Hafnarfjarðar.

Jóhann Borgþórsson óskaði eftir því að þessari tillögu verði veitt brautargengi á þinginu. Félagið hefur vaxið gífurlega, þrjár deildir innan félagsins, húsnæðið er í söluferli. Eina leiðin hjá þeim er að byggja. Tillagan borin upp, samþykkt að tillagan verði lögð fyrir þingið. Vísað til allsherjarnefndar, þingskjal 24.

Ályktun allsherjarnefndar, þingskjal 25, samþykkt.

Ályktun allsherjarnefndar, þingskjal 26, samþykkt.

Þingskjal nr.	Tillaga	Flutningsaðili	Vísað til (nafn nefndar)
1.	Skýrsla stjórnar ÍBH	Framkvæmdastjórn ÍBH	
2.	Reikningar ÍBH	Framkvæmdastjórn ÍBH	
3.	Tillaga um undirbúning að uppbyggingu íþróttamannvirkja fyrir Björk	Fimleikafélagið Björk	Allsherjarnefndar
4.	Tillaga DÍH um forgangsörðun	Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar	Allsherjarnefndar
5.	Tillaga FH um forgangsörðun	Fimleikafélag Hafnarfjarðar	Allsherjarnefndar
6.	Tillaga um fjárhagsáætlun ÍBH 2017 og 2018	Framkvæmdastjórn ÍBH	Fjárhagsnefndar
7.	Tillaga um uppbyggingu íþróttasvæðis með golfvelli	Golfklúbburinn Setberg og Golfklúbburinn Keilir	Allsherjarnefndar
8.	Tillaga Hauka um forgangsörðun	Knattspyrnufélagið Haukar	Allsherjarnefndar
9.	Tillaga HFH um forgangsörðun	Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar	Allsherjarnefndar
10.	Tillaga um að hvetja íþróttafélög til að koma sér upp rekstrarhandbók	Framkvæmdastjórn ÍBH	Íþróttanefndar

<b>Þingskjal nr.</b>	<b>Tillaga</b>	<b>Flutningsaðili</b>	<b>Vísað til (nafn nefndar)</b>
11.	Tillaga um að efla hæfileikamótun íþrótta í Hafnarfirði	Framkvæmdastjórn ÍBH	Íþróttanefndar
12.	Tillaga um að endurnýja aðildarumsókn ÍBH að UMFÍ	Framkvæmdastjórn ÍBH	Íþróttanefndar
13.	Tillaga um að fella niður 10% kostnaðarluta íþróttafélaga í nýframkvæmdum íþróttamannvirkja	Framkvæmdastjórn ÍBH	Fjárhagsnefndar
14.	Tillaga um að hvetja Hafnarfjarðarbæ til að hækka afreksstyrki til liða	Framkvæmdastjórn ÍBH	Fjárhagsnefndar
15.	Tillaga um að hækka frístundastyrki til eldri borgara	Framkvæmdastjórn ÍBH	Fjárhagsnefndar
16.	Tillaga um að hækka frístundastyrki til 6-18 ára	Framkvæmdastjórn ÍBH	Fjárhagsnefndar
17.	Tillaga um að hækka upphæðir í þjónustu- og rekstrarsamningum íþróttafélaga	Framkvæmdastjórn ÍBH	Fjárhagsnefndar
18.	Tillaga um aukið samstarf við íþróttaafreksbraut Flensborgarskólans um fræðslu	Framkvæmdastjórn ÍBH	Íþróttanefndar
19.	Tillaga um aukið ungmennalýðræði	Framkvæmdastjórn ÍBH	Íþróttanefndar
20.	Tillaga um nýjan þjónustusamning ÍBH við Hafnarfjarðarbæ	Framkvæmdastjórn ÍBH	Fjárhagsnefndar
21.	Tillaga um lagabreytingu ÍBH	Stjórn ÍBH	Laganefndar
22.	Tillaga um forgangsröðun í uppbyggingu íþróttamannvirkja frá 49. þingi ÍBH eða síðar	Milliþinganefnd 49. þings ÍBH	Allsherjarnefndar
23.	Tillaga Sörla um forgangsröðun	Hestamannfélagið Sörli	Allsherjarnefndar
24.	Tillaga um að húsnæði fyrir starfsemi Brettafélags Hafnarfjarðar verði tryggt	Brettafélag Hafnarfjarðar	Allsherjarnefndar



Þingskjal nr.	Tillaga	Flutningsaðili	Vísað til (nafn nefndar)
25.	Ályktun til bæjaryfirvalda um að endurskoða byggingu íþróttamannvirkja við skóla	Allsherjarnefnd	
26.	Ályktun til Hafnarfjarðarbæjar um að leggja meira fé til viðhalds íþróttamannvirkja í Hafnarfirði	Allsherjarnefnd	

Samþykkt var að tillögurnar færu til umfjöllunar í nefndir í samræmi við upptalningu og tillögu þingforseta.

## 9. Nefndarstörf.

Þinghlé um hádegisbil. Sýnt myndefni úr íþróttalífinu í Hafnarfirði og boðið upp á veitingar.

## 10. Framhald á nefndarstörfum.

## 11. Álit nefnda og umræður, tillögur samþykktar eins og þær koma fram hér á eftir.

### Samþykktar tillögur á 50. þingi ÍBH

**Laganefnd:** Ragnar Hilmarsson gerði grein fyrir störfum nefndarinnar. Lagabreytingatillögurnar hafa verið í vinnslu lengi og tilgangurinn er að gera starf bandalagsins markvissara. Tillagan gengur út á að fækka úr 19 manna fulltrúastjórn í átta manna kjörna stjórn og tvo í varastjórn, framkvæmdastjórn verði lögð niður. Tvisvar á ári verði haldnir fulltrúafundir. Búið að fara í gegnum mikla umræðu. 7. grein breyting á þingfulltrúafjölda, að lágmarki tveir frá hverju félagi, það er gert til að jafna hlut minni félaga innan ÍBH. Aðrar breytingar eru orðalagsbreytingar Lögin taki strax gildi. Breytingartillaga frá Sigurði Haraldssyni um val á ÍSÍ þing. Að 13. grein verði: ”**Stjórn ÍBH skal velja** fulltrúa bandalagsins á íþróttaping ÍSÍ. Fjöldi fulltrúa ÍBH ræðst af ákvæðum 12. grein laga ÍSÍ”. Breytingartillagan samþykkt. Lögin samþykkt með breytingum, þingskjal 21.

## Lög Íþróttabandalags Hafnarfjarðar

### 1. KAFLI

#### Tilgangur og markmið

##### 1. gr.

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar (skammstafað ÍBH eða bandalagið) er héraðssamband íþróttafélaga í Hafnarfirði. ÍBH starfar samkvæmt lögum Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (skammstafað ÍSÍ) og samkvæmt gildandi íþróttalögum hverju sinni.

## 2. gr.

Tilgangur ÍBH er að hafa frumkvæði og vinna að eflingu, útbreiðslu, samræmingu, samvinnu, skipulagningu og yfirstjórn á íþróttastarfsemi innan Hafnarfjarðar.

**2. KAFLI**  
**Skipulag**

## 3. gr.

Rétt til aðildar að ÍBH eiga öll félög í Hafnarfirði, sem hafa íþróttir á stefnuskrá sinni, enda séu lög þeirra og starfsemi í samræmi við lög ÍBH og ÍSÍ.

## 4. gr.

Óski félag eftir að gerast aðili að ÍBH, skal það senda stjórn ÍBH umsókn sína ásamt lögum félagsins, skýrslu um stofndag þess og ár, stjórn þess og tölu félagsmanna. Samhliða umsókn um aðild skal greiða inntökugjald sem stjórn ÍBH ákveður hverju sinni. Uppfylli félagið inntökuskilyrði þessara laga, öðlast það réttindi hjá bandalaginu þegar stjórn ÍBH hefur samþykkt aðild þess. Stjórn ÍBH skal setja reglugerðir um úthlutun af hagnaði Íslenskrar Getspár sem bandalagið fær og um styrki frá ÍBH til félaga.

## 5. gr.

Ef aðildarfélög, deildir, rekstrarfélög og sérráð íþróttagreina hafa ekki haldið aðalfundi og/eða sent skýrslur og ársreikninga í samræmi við lög þessi, missa aðildarfélögin allan atkvæðisrétt sinn á næsta þingi ÍBH og missa einnig rétt til að tilnefna fulltrúa á íþróttþing. Stjórn ÍBH er heimilt að fella niður styrki til félaga/sérráða í vanskilum. Líði annað ár án þess að félög, deildir, rekstrarfélög og sérráð íþróttagreina haldi aðalfundi og/eða geri skil á skýrslum, ársreikningum og gjöldum, getur þing ÍBH tekið ákvörðun um, hvort félaginu skuli vikið úr héraðssambandinu. Að öðru leyti vísast til 6. kafla í lögum ÍSÍ.

Það er eitt af hlutverkum ÍBH að fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaga fari fram samkvæmt gildandi lögum ÍBH og ÍSÍ. Í því skyni skal ÍBH hafa fullan aðgang að bókhaldi og fylgiskjölum sambandsaðila sinna og ef ástæða þykir til getur stjórn ÍBH tilnefnt sérstakan skoðunarmann reikninga fyrir aðildarfélag /sérráð og fyrirskipað ítarlega skoðun á fjárreiðum og bókhaldsgögnum. Aðildarfélag / sérráð getur krafist þess að slík ítarleg skoðun verði framkvæmd af löggiltum endurskoðanda.

## 6. gr.

Fulltrúaráðsfundur skal haldinn tvisvar á ári samkvæmt ákvörðun stjórnar ÍBH. Hverju aðildarfélagi er heimilt að tilnefna að hámarki tvo fulltrúa á fundinn. Ekki skal samþykkja sérstakar ályktanir, lagabreytingar né kjósa í trúnaðarstörf á fulltrúaráðsfundum.

**3. KAFLI**  
**Þing ÍBH**

## 7. gr.

Hvert félag innan ÍBH, og hvert sérráð innan bandalagssvæðisins á rétt á að senda fulltrúa á þing bandalagsins. Skal tala fulltrúa miðuð við fjölda félagsmanna hvers félags eða sérráðs á eftirfarandi hátt:

Fjöldi félagsmanna	Fjöldi þingfulltrúa
1 - 400	2
401 - 600	3
601 - 800	4
801 - 1000	5
1001 - 1200	6
1201 – og yfir	7

## 8. gr.

Stjórnir aðildarfélaga ÍBH og sérráð skulu fylla út kjörbréf fyrir fulltrúa sína og skila til ÍBH viku fyrir þing.

## 9. gr.

Þing ÍBH skal háð annað hvert ár fyrir lok aprílmánaðar. Til þingsins skal boða með eins mánaðar fyrirvara bréflega eða á annan sannanlegan hátt, þá sem rétt eiga á þingsetu, sbr. 7. gr. og senda kjörbréfaeyðublöð. Þau mál, sem aðilar ÍBH óska að verði á dagskrá, skulu berast stjórn ÍBH í síðasta lagi tveimur vikum fyrir þingsetningu ásamt tilnefningum til stjórnar ÍBH og framboðum til formanns ÍBH. Viku fyrir þingbyrjun skal aðilum send dagskrá þingsins, ársskýrsla, endurskoðaðir ársreikningar, framboð til formanns og stjórnar. Ennfremur þær tillögur, er ákveðið hefur verið að leggja fyrir þingið. Þing ÍBH er lögmætt, ef löglega hefur verið til þess boðað.

## 10. gr.

Á þingi ÍBH eiga sæti þeir fulltrúar sem bandalagsfélög ÍBH hafa kjörið til þingsins skv. 7. gr., svo og fulltrúar hvers sérráðs á bandalagssvæðinu sem kjörnir hafa verið til þingsetu. Þá hafa rétt til þingsetu með málfrelsi og tillögurétti, stjórn og varastjórn ÍBH, fagnefndir um íþróttamál á vegum Hafnarfjarðarbæjar, framkvæmdastjórn ÍSÍ, einn fulltrúi frá hverju landssambandi sem ÍBH er aðili að, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Íþróttfulltrúi Hafnarfjarðarbæjar.

## 11. gr.

**Dagskrá þings ÍBH skal vera þessi:**

1. Þingsetning.
2. Kosning fyrsta og annars þingforseta og fyrsta og annars þingritara.
3. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
4. Lagt fram og rætt: Skýrsla stjórnar og ársreikningar og atkvæði greidd um þá.
5. Kosnar þrjár fimm manna fastar þingnefndir: Fjárhagsnefnd, allsherjarnefnd og íþróttanefnd. Einnig skal kjósa fimm manna laganefnd ef lagabreytingar liggja fyrir þinginu.
6. Lagt fram og rætt: Skýrslur sérráða.
7. Kynning tillagna og mála sem liggja fyrir þinginu og þeim vísað til nefnda.
8. Álit nefnda, umræður og atkvæðagreiðslur.
9. Kjör formanns ÍBH.
10. Kosning í stjórn samkvæmt 15. gr.
11. a. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara fyrir ÍBH og þau sérráð sem ekki hafa sérstaka skoðunarmenn.  
b. Kosið í fastar nefndir, eftir því sem ákveðið verður.
12. Lýst tilnefningu aðildarfélaganna á fulltrúum til íþróttþings og kosnir viðbótarfulltrúar samkvæmt 12. gr. laga ÍSÍ.
13. Ýmis mál.
14. Þingslit.

Þing skal standa einn dag. Þingið skal móta stefnu ÍBH, a.m.k. til næstu tveggja ára með því að ákveða þá málaflokka, sem leggja ber áherslu á í starfi bandalagsins. Öllum stærri málum, sem þingið fær til meðferðar skal vísa til nefnda, og taka þær til starfa strax eftir 7. lið. Allar kosningar skulu vera bundnar og skriflegar. Í sambandi við þingið má flytja erindi og hafa íþróttasýningar, eftir því sem tími er til.

## 12. gr.

Í málum, sem tilkynnt hafa verið í þingboði, á reglulegu þingi eða aukþingi, ræður einfaldur meirihluti greiddra atkvæða, en til lagabreytinga þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða. Til að taka meg til meðferðar á þinginu mál, sem ekki var getið í fundarboði, þarf það samþykki 2/3 greiddra atkvæða og 4/5 greiddra atkvæða til að samþykkja þau.

## 13. gr.

Stjórn ÍBH skal velja fulltrúa bandalagsins á íþróttþing ÍSÍ. Fjöldi fulltrúa ÍBH ræðst af ákvæðum 12. gr. laga ÍSÍ.

## 14. gr.

Samþykki stjórnir 2/3 hluta aðildarfélaganna tilmæli um að aukþing verði haldið skal verða við því. Einnig hefur stjórn ÍBH heimild til að boða til aukþings. Boðunar- og tilkynningafrestur til aukþings er tvær vikur. Fulltrúar skulu boðaðir bréflega eða á annan sannanlegan hátt. Fulltrúar á aukþingi eru þeir sömu og voru á síðasta þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Aðildarfélag má tilnefna nýjan fulltrúa í stað þeirra sem eru látnir, veikir, eða forfallaðir á annan hátt. Á aukþingi má ekki gera laga-

og leikreglnabreytingar og aðeins tilnefna bráðabirgðastjórn ef meirihluti stjórnar ÍBH hefur sagt af sér eða er hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin að eigin dómi orðin óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um aukapung sömu reglur og um reglulegt þing bandalagsins.

Tilhögun aukapings skal vera þessi:

1. Þingsetning.
2. Kosning fyrsta og annars þingforseta og fyrsta og annars þingritara.
3. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
4. Tekin til meðferðar þau mál, er gefið hafa tilefni til aukapingsins og tilkynnt voru með þingboðinu.
5. Önnur mál, sem upp kunna að vera borin, ef þingið leyfir að taka þau fyrir, sbr. 12. gr.
6. Þingslit.

#### 4. KAFLI

##### Stjórn ÍBH og starfssvið

###### 15. gr.

Hvert félag, sem öðlast hefur full réttindi í bandalaginu hefur heimild til að tilnefna einn frambjóðanda í stjórn ÍBH. Kjósa skal átta stjórnarmenn til tveggja ára og tvo varamenn til tveggja ára. Starfstími stjórnar ÍBH er milli þinga.

###### 16. gr.

Stjórn ÍBH skal sjá um allar framkvæmdir bandalagsins og vinna að málum þess sem felast meðal annars í eftirfarandi:

- a. Vinna að sameiginlegum fjármálum, koma styrkbeiðnum á framfæri, varðveita og skipta á milli aðildarfélaga því fé sem til þeirra hefur verið veitt sameiginlega.
- b. Að hafa forystu aðildarfélaga í sameiginlegum félagsmálum og vera fulltrúi aðildarfélaga á sameiginlegum vettvangi utan lögsögu ÍBH.
- c. Að annast samskipti um íþróttamál við bæjaryfirvöld, þ.m.t. varðandi fjárframlög til rekstrar, styrkveitingar til einstakra verkefna, uppbyggingu íþróttamannvirkja o.s.frv.
- d. Að stuðla að uppbyggingu og endurbótum á sameiginlegum íþróttamannvirkjum, og sjá um rekstur og viðhald þeirra, ef ekki er öðruvísi kveðið á um þau.
- e. Að annast skipulagningu og úthlutanir á tímum í íþróttamannvirkjum til aðildarfélaga.
- f. Að annast íþróttaleg sérmál og hagsmuni sérgreinar, ef með þarf, ef sérráð fyrir viðkomandi íþróttgrein er ekki starfandi samkvæmt 8. kafla laga ÍSÍ.
- g. Að gangast fyrir stofnun sérráða ef aðildarfélög óska þess.
- h. Að vera æðsti aðili varðandi skipulagningu héraðsmóta og hafa úrskurðarvald um hlutgengi þátttakenda í mótum á vegum ÍBH.
- i. Að vera umsagnaradili varðandi íþróttamál, íþróttamannvirki o.s.frv.
- j. Að staðfesta lög aðildarfélaga og fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaganna fari fram samkvæmt gildandi lögum þeirra, lögum ÍBH, lögum ÍSÍ og íþróttalögum. Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund á tilsettum tíma skal stjórn ÍBH, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.
- k. Að annast skýrslugerðir um íþróttamál innan Hafnarfjarðar, og kalla eftir ársskýrslum og endurskoðuðum reikningum aðildarfélaga.
- l. Að fjalla um íþróttir eftir því sem stjórn bandalagsins telur þörf á.

Stjórninni er heimilt að skipa nefndir innan eða utan sinna vébanda, til að sjá um málefni bandalagsins. Formaður skal kalla saman stjórnarfund a.m.k. einu sinni í mánuði. Að öðru leyti setur stjórnin sér sjálf starfsreglur. Stjórnarfundir eru lögmætir, ef meirihluti stjórnarinnar mætir og fundur hefur verið boðaður samkvæmt starfsreglum. Atkvæði formanns ræður úrslitum, ef atkvæði falla jöfn.

###### 17. gr.

Í þeim íþróttgreinum, þar sem sérráð eru ekki starfandi, fer stjórn ÍBH með hin sérfræðilegu málefni á bandalagssvæðinu, og getur skipað til þess sérstaka nefnd, ef samkomulag er um það. Sérráð fer með stjórn í sérmálum þeirra íþróttgreina, sem það varðar, að svo miklu leyti sem það fer ekki inn á önnur sérgreinasvið. En endanleg niðurröðun móta á bandalagssvæðinu og val keppenda á utanhéraðsmót er háð samþykki stjórnar ÍBH, svo og ákvæði um verðlaunagrip á innanhéraðsmótum, sbr. lög ÍSÍ.

18. gr.

Stjórn ÍBH skal taka við öllum skýrslum um íþróttamót, sem haldin eru á bandalagssvæðinu, og geyma þær í skjalasafni sínu. Sé mót haldið í sérgrein, þar sem sérráð er ekki til, skal félag það, er fyrir mótinu stendur, senda skýrslu um það beint til stjórnar ÍBH. Sömu skyldur hvíla á stjórn ÍBH ef hún gengst fyrir mótum. Skýrslur um mót skal senda í síðasta lagi einum mánuði eftir að móti er lokið, en sérráð senda skýrslur sínar fyrir 15. apríl árlega.

#### 5. KAFLI Önnur mál

19. gr.

Aðildarfélög ÍBH, deildir, rekstrarfélög og sérráð íþróttagreina skulu senda starfsskýrslur sínar og endurskoðaða reikninga nýliðins árs til bandalagsins fyrir 15. apríl ár hvert.

20. gr.

Vilji félag ganga úr bandalaginu, telst úrsögn því aðeins lögmæt að hún hafi verið samþykkt á löglegum aðalfundi viðkomandi félags og miðast úrsögn við næstu áramót. Skriflega úrsögn skal senda til stjórnar ÍBH, sem síðan tilkynnir hana á þingi bandalagsins. Eigi getur félag, sem gengur úr bandalaginu krafist endurgjalds á fé, sem það hefur lagt til bandalagsins eða nokkurs hluta af eignum þess. Úrsögn viðkomandi félags er eigi tekin gild nema félagið sé skuldlaust við íþróttabandalagið.

21. gr.

Lögum ÍBH má eigi breyta nema á þingi bandalagsins.

22. gr.

Lög þessi voru samþykkt 27. apríl 2013 með breytingum sem samþykktar voru á þingi ÍBH 20. maí 2017 og öðlast þegar gildi.

**STARFSREGLUR FYRIR STJÓRN ÍÞRÓTTABANDALAGS HAFNARFJARÐAR**

1. Á milli þinga ÍBH eru störf og framkvæmdavald í höndum stjórnar ÍBH.
2. Á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar skal hún skipta með sér verkum og kjósa varaformann, ritara, gjaldkera og meðstjórnendur. Formaður er kosinn á þingi ÍBH.
3. Stjórnarfundir skulu haldnir, þegar þess er þörf að dómi formanns, eða ef einn stjórnarmaður óskar þess. Þó skulu stjórnarfundir eigi haldnir sjaldnar en einu sinni í mánuði.
4. Að loknu þingi ÍBH gefur formaður ÍBH út skírteini til handa stjórninni, er gilda næsta starfstímabil og veita ókeypis aðgang að öllum íþróttamótum á bandalagssvæðinu.
5. Rekstur ÍBH og stjórn:
  - 5.1. Stjórn ber ábyrgð á því að rekstur íþróttabandalagsins sé í eðlilegum farvegi og í samræmi við þær skuldbindingar sem íþróttabandalagið hefur gengist undir.
  - 5.2. Meginskyldustörf stjórnar ÍBH eru eftirfarandi:
    - a. Að ákveða fyrirkomulag á daglegum rekstri bandalagsins og ráða framkvæmdastjóra sem annast daglegan rekstur bandalagsins auk þess að ráða aðra starfsmenn eftir því sem þörf er á.
    - b. Að hafa stöðugt og ítarlegt eftirlit með öllum rekstri bandalagsins og sjá um að skipulag þess og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi.
    - c. Að sjá til þess að bókhald bandalagsins sé fært í samræmi við lög og venjur.
    - d. Að annast um að nægilegt eftirlit sé haft með meðferð fjármunum bandalagsins og að meðferð eigna bandalagsins sé með tryggilegum hætti.
    - e. Að koma fram fyrir hönd bandalagsins fyrir dómstólum og stjórnvöldum.
    - f. Að skera úr ágreiningi, sem upp kann að koma innan bandalagsins.
    - g. Að ákveða hver eða hverjir skuli skuldbinda bandalagið.
6. Reikningar bandalagsins:
  - 6.1. Reikningsár bandalagsins er almanaksárið. Á hverju reikningsári skal semja ársreikning bandalagsins.
  - 6.2. Á þingi bandalagsins skal kjósa tvo skoðunarmenn fyrir bandalagið til tveggja ára í senn og tvo til vara. Ekki má velja skoðunarmenn úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna bandalagsins. Forfallist kjörinn skoðunarmaður kemur varamaður í hans stað.
  - 6.3. Skoðunarmenn skulu fara yfir allt reikningshald bandalagsins og Afreksmannasjóðs ÍBH og kanna bókhaldsgögn og aðra þætti er varða fjárhagsstöðu og rekstur ÍBH og Afreksmannasjóðs ÍBH. Skoðunarmönnum skal vera heimill aðgangur að öllum bóku og skjölum ÍBH og Afreksmannasjóðs ÍBH.
  - 6.4. Skoðunarmenn skulu hafa lokið skoðun ársreikninga eigi síðar en fjórtán dögum fyrir þing bandalagsins. Ber þeim þá að senda ársreikninga til stjórnar bandalagsins, ásamt athugasemdum sínum. Í síðasta lagi einni viku fyrir þing bandalagsins skal stjórn bandalagsins hafa samið svör við athugasemdum skoðunarmanna og skulu svör stjórnar og athugasemdir skoðunarmanna liggja þingfulltrúum til sýnis ásamt ársreikningi a.m.k. einni viku fyrir þing bandalagsins.

Allsherjarnefnd: Kristbjörn Óli Guðmundsson gerði grein fyrir störfum nefndarinnar.

### **Pingskjal 3, samþykkt.**

#### **Tillaga um undirbúning að uppbyggingu íþróttamannvirkja fyrir Björk.**

**50. þing ÍBH** hvetur bæjaryfirvöld í Hafnarfirði til að hefja vinnu með Fimleikafélaginu Björk um þarfagreiningu, þróun og hönnun á framtíðaraðstöðu fyrir Fimleikafélagið Björk á starfssvæði sínu við Haukakraun. Mikilvægt er að fullt tillit verði tekið til framtíðaráforma Björk um uppbyggingu við mögulegar skipulagsbreytingar á reitum í næsta nágrenni félagsins.

#### **Greinargerð:**

Nú þegar hyllir undir að Björk verði eina félagið sem nýtir aðstöðuna í íþróttamiðstöðinni Björk þá er lag að hefja vinnu við undirbúning að mótun og uppbyggingu á framtíðaraðstöðu fyrir félagið.

Mikill vöxtur hefur verið á síðustu árum í öllum greinum fimleika á sama tíma og aukinn áhugi er á að nýta aðstöðu Björk við klifur. Björk hefur ekki getað byggt upp keppnislið í hópfimleikum með sama hætti og önnur félög vegna þrengsla og skorts á aðstöðu. Til að mæta aukinni eftirspurn í öllum deildum Björk þá verður að hefja vinnu við að móta framtíðaraðstöðu fyrir félagið. Fyrst þarf félagið auðvitað að skilgreina þarfir sínar. Í framhaldi af því er unnt að hefja vinnu við hönnun og útfærslu á hvernig þeim þörfum verður best mætt með viðbótarbyggingum við núverandi aðstöðu eða nýrri byggingu á næstu lóðum. Núverandi fimleikasalur stendur enn fyllilega fyrir sínu og er mikilvægt að hann verði áfram nýttur. Því leggur fimleikafélagið Björk áherslu á að framtíðaruppbygging félagsins verði við Haukakraun en ekki annarsstaðar í bænum.

### **Pingskjal 4, samþykkt.**

#### **Tillaga Dansíþróttafélags Hafnarfjarðar um forgangsöröðun.**

**50. þing ÍBH haldið 20. maí 2017 í Álfafelli** samþykkir umsókn DÍH um að vera áfram í forgangsöröðun ÍBH varðandi uppbyggingu íþróttamannvirkja til að bæta æfinga- og félagsaðstöðu DÍH sbr. þarfagreiningu.

### **Pingskjal 5, samþykkt.**

#### **Tillaga FH um forgangsöröðun.**

#### **50. þing ÍBH haldið 20. maí 2017.**

Fimleikafélag Hafnarfjarðar ítrekar fyrri samþykktir frá þingum ÍBH (45., 46., 47., 48. og 49. þingi) um þörf félagsins varðandi bættu aðstöðu til knattspyrnuíðkunar á svæði félagsins. Ljóst er að aðstaða til knattspyrnuíðkunar yfir vetrarmánuði í Hafnarfirði er ófullnægjandi, og hefur reyndar versnað ár frá ári en þrátt fyrir það eru iðkendur í knattspyrnu verulega fleiri en í öðrum íþróttagreinum. Gervigrasvöllurinn í Kaplakrika er nú á sínu 20. ári og langt í frá að vera boðlegur til æfinga og hvað þá keppni. Fimleikafélagið óskar eftir aðkomu Hafnarfjarðarbæjar til lausnar þessum vanda, hvort sem er með beinu fjárframlagi eða samningi sem gerir félaginu kleift að ráðast í byggingu yfirbyggðs knattspyrnuvallar. Fimleikafélag Hafnarfjarðar telur það skyldu bæjaryfirvalda að gæta jafnræðis varðandi aðstöðu til íþróttaiðkunar, þ.e. aðstaða til iðkunar hinna ýmsu íþróttagreina sé sambærileg.

**Pingskjal 7, samþykkt.****Tillaga um uppbyggingu íþróttasvæðis með golfvelli.**

**50. þing ÍBH haldið 20. maí 2017 í Álfafelli** samþykkir að hvetja Hafnarfjarðarbæ til að hefjast handa við að þróa hugmyndir um landnotkun á svæðum sem aðalskipulag Hafnarfjarðar gerir þegar ráð fyrir að verði fjölnota íþrótt- og útivistarsvæði með golfvelli (ÍP7, ÍP9 og svæðið þar á milli (hér eftir nefnt „svæðið“)), eins og ákveðið var við síðustu endurskoðun aðalskipulags.

**Greinargerð:**

Golfklúbbarnir óska eftir því í bréfinu að Hafnarfjarðarbær samþykki að greiða kostnað sem til fellur vegna þróunar hugmynda um landnotkun á svæðinu sem gætu orðið grundvöllur að deiliskipulagi fyrir svæðið. Er óskað eftir því að gert verði ráð fyrir þessum kostnaði við forgangsröðun Íþróttabandalags Hafnarfjarðar á næsta þingi bandalagsins.

**Pingskjal 8, samþykkt með breytingum.****Tillaga Hauka um forgangsröðun.****Tillaga til afgreiðslu á þingi ÍBH sem haldið verður þann 20. maí 2017.**

Knattspyrnufélagið Haukar leggur til við **50. þing ÍBH** að áður framlögð tillaga félagsins um forgangsröðun íþróttamannvirkja, sem lögð var fram á 49. þingi ÍBH þann 25. apríl árið 2015 verði tekin til afgreiðslu með þeim breytingum sem tilgreindar eru í skjali sem lagt hefur verið fram á fundi í millipinganefnd.

**Tillagan er svohljóðandi.**

Knattspyrnufélagið Haukar óskar eftir að hraðað verði svo sem kostur er byggingu knatthúss í fullri stærð sem gert er ráð fyrir að verði byggt á íþróttasvæði Hauka að Ásvöllum. Áætluð kostnaðarskiptin milli aðila er háð samkomulagi milli Knattspyrnufélagsins Hauka og Hafnarfjarðarbæjar um önnur uppbyggingaráform félagsins á svæðinu.

Fylgigögn er tengjast ofangreindum byggingaráformum eru hér í viðhengi.

**Pingskjal 9, samþykkt.****Tillaga Hnefaleikafélags Hafnarfjarðar um forgangsröðun.**

**50. þing ÍBH haldið 20. maí 2017 í Álfafelli** hvetur bæjaryfirvöld í Hafnarfirði til að vinna áfram í leit að framtíðarhúsnæði fyrir Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar.

**Greinargerð:**

Árið 2006 fékk félagið bráðabirgðahúsnæði í Driftarhúsinu við Dalshraun. Húsnæðið var hugsað sem skammtímalausn. Í dag er húsnæðið í slæmu ásigkomulagi.

**Pingskjal 23, samþykkt með einni orðalagsbreytingu.****Tillaga Sörla um forgangsröðun.****Tillaga Hestamannafélagsins Sörla fyrir 50. þing ÍBH.**

Hestamannafélagið Sörla óskar eftir forgangi við byggingu 4.200m<sup>2</sup> reiðhallar á athafnasvæði Sörla. Sjá nánar tillögu millipinganefndar um nýframkvæmdir.



**Greinargerð:**

Árið 1994 var núverandi reiðskemma Sörla tekin í notkun en þá voru félagsmenn Sörla um 200 talsins. Núna rúmum 20 árum seinna eru félagsmenn tæplega 800. Það er því ljóst að Sörla nær ekki að fullnægja þörfum félagsmanna með viðburði, kennslu, námskeið og æfingartíma innanhúss, enda er langt í frá nægjanleg aðstaða fyrir starfsemi félagsins innan reiðhallar í dag.

Tillaga Sörla um byggingu reiðhallar hefur árum saman verið á forgangslista ÍBH. Nú er svo komið að með fjölgun félagsmanna og kröfum hestamanna um bætta aðstöðu, getur félagið ekki frestað öllu lengur framkvæmdum. Hestamannafélögin á stór-Reykjavíkursvæðinu hafa bætt sína aðstöðu verulega á liðnum árum og verður Sörla að gera slíkt hið sama til að standast samkeppni og halda áfram í fararbroddi hestamennsku í þéttbýli. Ef skoðaðar eru starfsskýrslur ÍSÍ þá voru hestaíþróttir fjórða fjölmennasta íþróttagreinin árið 2014.

Búið er að vinna nýtt deiliskipulag fyrir athafnasvæði Sörla. Þar er m.a. gert ráð fyrir stækkun svæðisins, nýrri reiðhöll, félagshesthúsi og breyttu aðgengi sem kynnt var á 49. þingi ÍBH.

Á síðustu 20 árum frá því að reiðskemman í Sörla var byggð hafa risið fjölmörg íþróttamannvirki í Hafnarfirði sem er mikil þrýði fyrir bæjarfélagið. En nú teljum við í Sörla að röðin sé komin að okkur í byggingu íþróttaaðstöðu.

**Þingskjal 24, samþykkt.**

**Tillaga um að húsnaði fyrir starfsemi Brettafélags Hafnarfjarðar verði tryggt.**

**50. þing ÍBH haldið 20. maí 2017 í Álfafelli** samþykkir beiðni Brettafélags Hafnarfjarðar um að fara inn á fyrirhugaða framkvæmdaráætlun ÍBH um byggingu nýrra íþróttamannvirkja.

**Greinargerð:**

Félagið stendur frammi fyrir því að verða húsnaðislaust á næstu tveimur árum, þar sem ákveðið hefur verið að selja fasteign bæjarins að Flatarhrauni 14 sem hýsir starfsemi félagsins. Starfsemi félagsins krefst sérhæfðrar æfingaaðstöðu og því telja forsvarsmenn félagsins að hagkvæmasta leiðin til framtíðar sé að byggja sérhæft húsnaði undir starfseminna. Félagið hefur unnið þarfagreiningu og sent bæjaryfirvöldum.

Allsherjarnefnd leggur til vegna umræðu í nefndinni að lagðar verði fram tvær nýjar ályktunartillögur fyrir þingið og var það samþykkt.

**Þingskjal 25, samþykkt.**

**Ályktun til bæjaryfirvalda um að endurskoða byggingu íþróttamannvirkja við skóla.**

**Þing ÍBH** hvetur bæjaryfirvöld til að endurskoða byggingu íþróttamannvirkja við skóla í nýjum hverfum með hagsmuni íþróttahreyfingarinnar í huga og í nánú samstarfi við íþróttafélögin í bænum.

**Þingskjal 26, samþykkt.**

**Ályktun til Hafnarfjarðarbæjar um að leggja meira fé til viðhalds íþróttamannvirkja í Hafnarfirði.**

**Þing ÍBH** hvetur Hafnarfjarðarbæ til að leggja meira fé til viðhalds íþróttamannvirkja í Hafnarfirði. Viðhaldi íþróttamannvirkja í Hafnarfirði hefur verið verulega ábótavant frá árinu 2009.

**Þingskjal 22, samþykkt.**

**Tillaga um forgangsröðun í uppbyggingu íþróttamannvirkja frá 49. þingi ÍBH eða síðar.**

**50. þing ÍBH haldið 20. maí 2017 í Álfafelli** samþykkir að samkomulag verði gert milli ÍBH og Hafnarfjarðarbæjar um sameiginlega 5 ára áætlun um uppbyggingu nýrra íþróttamannvirkja. Í tillöggunni er gert ráð fyrir því að framlag Hafnarfjarðarbæjar til nýrra íþróttamannvirkja sé og verði um það bil kr. 500.000.000 – 600.000.000 á ári.

**Greinargerð:**

- 1. Milliþinganefndin** var skipuð í allsherjarnefnd 49. þings ÍBH 25. apríl 2015 um forgangsröðun uppbyggingar íþróttamannvirkja í Hafnarfirði. Nefndina skipa Kristbjörn Óli Guðmundsson formaður, Samúel Guðmundsson fulltrúi Hauka, Viðar Halldórsson fulltrúi FH, Ingólfur Arnarson fulltrúi Kvartmíluklúbbsins, Anders Már Þráinsson fulltrúi Skotíþróttafélags Hafnarfjarðar, Haukur J. Eiríksson fulltrúi Dansíþróttafélags Hafnarfjarðar, Ólafur Þór Ágústsson fulltrúi Golfklúbbsins Keilis og Þórunn Ansnes fulltrúi Hestamannafélagsins Sörla.
- 2. Í erindisbréfi** er komið inn á hlutverk nefndarinnar sem er að raða tillögum frá 49. þingi ÍBH sem fjalla um uppbyggingu íþróttamannvirkja og voru samþykktar í allsherjarnefnd þingsins og síðan samþykktar af þinginu í flokka s.s. í lítil verkefni, meðal stór verkefni og stór verkefni og koma sér saman um framkvæmdaröð þeirra. Er það mikilvægt til upplýsinga fyrir mismunandi samstarfsaðila s.s. aðildarfélögin, sveitastjórnarmenn, starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar og aðra utanaðkomandi aðila. Nefndin getur óskað eftir ítarlegri gögnum frá flutningsaðilum tillagna ef hún telur þörf á því. Nefndin á að skila skýrslu á formannafundi ÍBH sem verður haldinni í nóvember 2016. Endanlegu álitni á nefndin að skila á 50. þingi ÍBH sem verður haldið í apríl 2017. Erindisbréfið var samþykkt af stjórn ÍBH 3. mars 2016.
- 3. Frekari gögn**  
Félögunum sem eru tillöguhafar, var gefinn kostur á að skila inn frekari gögnum og gera grein fyrir því sem bættist við. Eftirtalin félög skiluðu inn ítarlegri gögnum, Golfklúbburinn Keilir, Skotíþróttafélag Hafnarfjarðar, Hestamannafélagið Sörla, Knattspyrnufélagið Haukar og Badmintonfélag Hafnarfjarðar.

#### 4. Tillagan

Strax í fyrstu umfjöllun nefndarinnar um þær tillögur sem lágu fyrir voru nefndarmenn sammála um að gera tillögu sem gæti orðið að samkomulagi milli ÍBH og Hafnarfjarðarbæjar um framlög til uppbyggingar íþróttamannvirkja næstu árin.

Ákveðið var að gera tillögu sem væri í exelformi (fylgiskjal 1) og væri áætlun til 5 ára annarsvegar og síðan í framhaldi hvað væri fyrirsjáanlegt á næstu 5 árum þar á eftir.

#### 5. Tillaga að framkvæmdaröð verkefna

- 5.1 Frá 2016-2021 endurbætur/breytingar á golfvelli Golfklúbbsins Keilis á Hvaleyri.
- 5.2 Frá 2016-2018 bygging íþróttasalar 2259m<sup>2</sup> hjá Knattspyrnufélaginu Haukum á Ásvöllum.
- 5.3 Frá 2017-2021 bygging nýs skotvallar og frágangur á svæði hjá Skotíþróttafélagi Hafnarfjarðar á Iðavöllum.
- 5.4 Frá 2017-2020 knatthús 8600m<sup>2</sup> hjá Fimleikafélagi Hafnarfjarðar í Kaplakrika.
- 5.5 Frá 2018-2020 bygging nýrrar reiðhalla með félagsaðstöðu og annarri tilheyrandi aðstöðu 4200m<sup>2</sup> hjá Hestamannafélaginu Sörla að Sörlastöðum.
- 5.6 Frá 2018-2021 bygging knatthúss hjá Knattspyrnufélaginu Haukum á Ásvöllum.
- 5.7 Frá 2019-2021 önnur verkefni sem voru ekki tillögur á 49. þingi ÍBH.
- 5.8 Frá 2021 breytingar á golfskála hjá Golfklúbbum Keili á Hvaleyri.
- 5.9 Frá 2021 bygging danssalar 750m<sup>2</sup> hjá Dansíþróttafélagi Hafnarfjarðar, staðsetning óákveðin.
- 5.10 Frá 2022-2024 bygging nýrrar áhorfendastúku við knattspyrnuvöll hjá Knattspyrnufélaginu Haukum á Ásvöllum.
- 5.11 Frá 2022-2023 bygging forsalar í íþróttamiðstöð 400m<sup>2</sup> hjá Knattspyrnufélaginu Haukum á Ásvöllum.
- 5.12 Frá 2022-2026 bygging badmintonhúss 10 vellir 20mx80m hjá Badmintonfélagi Hafnarfjarðar, staðsetning óákveðin.

#### Viðhald / rekstur

- 6.1 Frá 2017-2018 endurnýjun á knattspyrnugervigrasi í Kaplakrika.
- 6.2 Frá 2017 breytingar á Andrasal Íþróttamiðstöðinni Björk fyrir dansaðstöðu fyrir DÍH.
- 6.3 Badmintonhús var fært aftar í tímaáætlun á þeirri forsendu að BH fengi Íþróttahúsið við Strandgötu til rekstrar.

## NOKKUR LOKAORÐ

Á meðan nefndin hefur verið að störfum hefur svo sem ýmislegt gerst sem hefur áhrif á tölulegar staðreyndir í tillögunni og kallar á breytingar og eða leiðréttingar á skjalinu á þinginu.

Það er staðföst trú nefndarmanna að rétt sé að koma þessum málum í fastari skorður, og sannarlega er hægt að færa rök fyrir því að gera megi betur í þessum málum í Hafnarfirði, og eiga nokkur íþróttafélög í Hafnarfirði undir högg að sækja þegar kemur að uppbyggingu á nýrri aðstöðu.

9. maí 2017

Fylgiskjal 1 við tillögu um uppbyggingu íþróttamannvirkja í Hafnarfirði

Félag	Verkefni	Aætluð kostnaður milljónir	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026	Samtals
SÞH	Nýr völlum og frágangur á svæði	20.445.300		10.000.000	2.611.325	2.611.325	2.611.325	2.611.325						20.445.300
SÞH	Ný rannsókn með félagsmennskölu													
FH	Óeðmanni tilheyrandi aðstöðu 4200 m <sup>2</sup>	630.000.000			210.000.000	210.000.000	210.000.000							630.000.000
FH	Knaðshús 5600 m <sup>2</sup>	350.000.000		70.000.000	65.000.000	126.000.000	89.000.000							350.000.000
DH	Salur 7500 m <sup>2</sup>	270.000.000						270.000.000						270.000.000
Haukar	Íþróttasalur 2259 m <sup>2</sup>	504.000.000	30.000.000	200.000.000	254.000.000									504.000.000
Haukar	Knaðshús	650.000.000			150.000.000	150.000.000	225.000.000	225.000.000						650.000.000
Haukar	Ný áherslufundastúla við knattspyrnuv. Forsalur í íþróttamannstöð 4000m <sup>2</sup>	190.000.000							66.000.000	66.000.000	66.000.000			190.000.000
Haukar	Breytingar á gólfvelli	108.000.000							36.000.000	72.000.000				108.000.000
Kellir	Breytingar á gólfvelli	105.711.114	13.197.340	13.197.340	13.197.340	22.039.678	22.039.678	22.039.678						105.711.114
Kellir	Breytingar á gólfvelli	45.000.000						45.000.000						45.000.000
BH	Baðminnihúsið 10 velliir 20m x 80m	540.000.000							108.000.000	108.000.000	108.000.000	108.000.000	108.000.000	540.000.000
Almannafélag	Íþróttamannvirkja sem vera stöð 4. og 5. þing í BH	90.000.000				30.000.000	30.000.000	30.000.000						90.000.000
Samtals		3.511.156.414,00 kr.	63.197.340	293.197.340	594.900.665	540.651.003	578.951.003	594.651.003	210.000.000	246.000.000	174.000.000	108.000.000	108.000.000	3.511.156.414,00 kr.
Félag	Verkefni	Aætluð kostnaður milljónir												Samtals
SÞH	Nýr völlum og frágangur á svæði	2.271.700		454.340	454.340	454.340	454.340	454.340						2.271.700
SÞH	Ný rannsókn með félagsmennskölu													
FH	Óeðmanni tilheyrandi aðstöðu 4200 m <sup>2</sup>	70.000.000			23.300.000	23.350.000	23.350.000							70.000.000
FH	Knaðshús 5600 m <sup>2</sup>	350.000.000			350.000.000									350.000.000
DH	Salur 7500 m <sup>2</sup>	30.000.000						30.000.000						30.000.000
Haukar	Íþróttasalur 2259 m <sup>2</sup>	56.000.000	12.000.000	22.000.000										56.000.000
Haukar	Knaðshús	500.000.000			130.000.000	130.000.000	170.000.000	170.000.000						500.000.000
Haukar	Ný áherslufundastúla við knattspyrnuv. Forsalur í íþróttamannstöð 4000m <sup>2</sup>	12.000.000							7.300.000	7.350.000	7.350.000			12.000.000
Haukar	Breytingar á gólfvelli	28.427.700							4.000.000	8.000.000				28.427.700
Kellir	Breytingar á gólfvelli	5.000.000	3.299.340	3.299.340	3.299.340	5.509.920	5.509.920	5.509.920						5.000.000
Kellir	Breytingar á gólfvelli	60.000.000							12.000.000	12.000.000	12.000.000	12.000.000	12.000.000	60.000.000
BH	Baðminnihúsið 10 velliir 20m x 80m	10.000.000				3.000.000	3.500.000	3.500.000						10.000.000
Almannafélag	Íþróttamannvirkja sem vera stöð 4. og 5. þing í BH													
Samtals		1.143.699.480,00 kr.	15.299.340	25.793.680	429.053.680	162.314.260	202.814.260	214.464.260	23.300.000	27.350.000	19.350.000	12.000.000	12.000.000	1.143.699.480,00 kr.
Aætluður samantalskostnaður á félag														
Félag	Verkefni	Aætluður samantalskostnaður												
SÞH	Nýr völlum og frágangur á svæði	22.717.000												22.717.000
SÞH	Ný rannsókn með félagsmennskölu	700.000.000												700.000.000
FH	Óeðmanni tilheyrandi aðstöðu 4200 m <sup>2</sup>	700.000.000												700.000.000
FH	Knaðshús 5600 m <sup>2</sup>	300.000.000												300.000.000
DH	Salur 7500 m <sup>2</sup>	30.000.000												30.000.000
Haukar	Íþróttasalur 2259 m <sup>2</sup>	2.050.000.000												2.050.000.000
Haukar	Knaðshús	162.135.034												162.135.034
Haukar	Ný áherslufundastúla við knattspyrnuv. Forsalur í íþróttamannstöð 4000m <sup>2</sup>	600.000.000												600.000.000
Haukar	Breytingar á gólfvelli	100.000.000												100.000.000
BH	Baðminnihúsið 10 velliir 20m x 80m	600.000.000												600.000.000
Almannafélag	Íþróttamannvirkja sem vera stöð 4. og 5. þing í BH													
Samtals		4.654.855.894												4.654.855.894
Váðaheld				2017	2018									
FH*	Genivras Kaplaínika	135.000.000		70.000.000	65.000.000									135.000.000
Ath. * = FH útskr eftir því að setja viðhaldstíð á gæmigras í fyrri knattshús í fullri stærð (Stakkvass).														

**Fjárhagsnefnd:** Ingvar Kristinsson gerði grein fyrir störfum nefndarinnar.

### Þingskjal 13, samþykkt með breytingum.

**Tillaga um að fella niður 10% kostnaðarhluta íþróttafélaga í nýframkvæmdum íþróttamannvirkja.**

**50. þing ÍBH haldið 20. maí 2017 í Álfafelli** samþykkir að hvetja Hafnarfjarðarbæ til að endurskoða samstarfssamning ÍBH og Hafnarfjarðarbæjar og fella niður 10% kostnaðarhluta íþróttafélaga í nýframkvæmdum íþróttamannvirkja. Jafnframt hvetur þingið Hafnarfjarðarbæ til að ljúka gerð eignaskiptasamninga við íþróttafélögin þar sem það á við.

### Greinargerð:

Í samstarfssamningi milli Hafnarfjarðarbæjar og ÍBH sem gildi til loka 2007 var kostnaðarhluti íþróttafélaga í nýframkvæmdum íþróttamannvirkja 20%. Í samningi sem tók gildi í ársbyrjun 2008 og er ennþá í gildi, var búið að minnka kostnaðarhlutann í 10%. Íþróttafélögin eiga fullt í fangi með að reka íþróttastarfið og er þar af leiðandi æskilegt að kostnaðarhluti þeirra í uppbyggingu íþróttamannvirkja verði enginn. Í bæði Kópavogi og Reykjavík hefur verið horfið frá skiptingu

byggingarkostnaðar 20/80 og 10/90. Þar byggja sveitarfélögin 100% á sinn kostnað ný íþróttamannvirki.

**Pingskjal 14, samþykkt með breytingum.**

**Tillaga um að hvetja Hafnarfjarðarbæ til að hækka afreksstyrki til liða.**

**50. þing ÍBH haldið 20. maí 2017 í Álfafelli** samþykkir að hvetja Hafnarfjarðarbæ til að hækka afreksstyrki til liða í efsta flokki sem verða Íslands- eða bikarmeistarar úr 300.000 kr. á titil í 600.000 kr. á titil

**Greinargerð:**

Styrkirnir hafa verið kr. 300.000 á titil og verið óbreyttir frá árinu 2004.

**Pingskjal 16, samþykkt með breytingum.**

**Tillaga um að hækka frístundastyrki fyrir 6-18 ára.**

**50. þing ÍBH haldið 20. maí 2017 í Álfafelli** hvetur Hafnarfjarðarbæ til að hækka frístundastyrki til 6-18 ára barna í íþrótt- og tómsundastarf í 4.000 kr á mánuði.

**Greinargerð:**

Á síðasta ári breytti Hafnarfjarðarbær niðurgreiðslufyrirkomulaginu á þann hátt að hvert barn átti eingöngu rétt á einni niðurgreiðslu í íþróttir og tómsundir í stað tveggja áður. Allir aldurshópar fengu sömu niðurgreiðsluupphæð á mánuði í stað mismunandi eftir aldri. Heildarupphæð niðurgreiðslna á ári er nú kr. 36.000 en var kr. 20.400-61.200. Önnur sveitarfélög hafa hækkað heildarniðurgreiðsluupphæðir hjá sér á síðasta ári. Reykjavík greiðir kr. 50.000 á ári til hvers barns.

**Pingskjal 15, samþykkt með breytingum.**

**Tillaga um að hækka frístundastyrki til eldri borgara.**

**50. þing ÍBH haldið 20. maí 2017 í Álfafelli** hvetur Hafnarfjarðarbæ til að hækka niðurgreiðslur til eldri borgara í íþrótt- og tómsundastarf til samræmis við niðurgreiðslur barna og unglunga.

**Greinargerð:**

Niðurgreiðslur í íþrótt- og tómsundastarf eldri borgara hafa verið í Hafnarfirði frá árinu 2007. Í upphafi var um tvær niðurgreiðslur á einstakling að ræða að upphæð kr. 2000 á mánuði á grein, heildarniðurgreiðslan á ári var frá kr. 24.000 - 48.000. Árið 2011 var niðurgreiðslan lækkuð í kr. 1700 á mánuði á grein og í 11 mánuði á ári, en tvær greinar á einstakling héldu sér. Heildarniðurgreiðslan á ári er frá kr. 18.700 – 37.400 á einstakling.

**Pingskjal 17, samþykkt með breytingum.**

**Tillaga um að hækka upphæðir í þjónustu- og rekstrarsamningum íþróttafélaga.**

**50. þing ÍBH haldið 20. maí 2017 í Álfafelli** hvetur Hafnarfjarðarbæ til að hækka upphæðir í þjónustusamningum íþróttafélaganna í takt við fyrri loforð. Eins skal tryggt að upphæðir í rekstrarsamningum íþróttafélaganna haldi í við verðlag og framlagið verði endurskoðað árlega.

**Greinargerð:**

Á síðasta ári var klárað að gera nýja þjónustusamninga við íþróttafélög í Hafnarfirði og endurskoða aðra rekstrarsamninga sem félögin voru með. Því miður sá bæjarfélagið sér ekki fært að hækka upphæðir miðað við þarfir og væntingar íþróttafélaganna. Framlög sveitarfélagsins til íþróttafélaga í Hafnarfirði hafa dregist langt aftur úr framlögum nágrannasveitarfélaga til sinna íþróttafélaga. Íþróttafélög í Hafnarfirði hafa máli sínu til stuðnings margbent Hafnarfjarðarbæ á samning Garðabæjar við fjölgreinaíþróttafélagið Stjörnuna í Garðabæ sem dæmi um fyrirmyndarsamning sveitarfélags við íþróttafélag.

**Þingskjal 20, samþykkt.****Tillaga um nýjan þjónustusamning ÍBH við Hafnarfjarðarbæ.**

**50. þing ÍBH haldið 20. maí 2017 í Álfafelli** leggur til, að Hafnarfjarðarbær geri nýjan þjónustusamning við ÍBH sem miði að því að rekstrarframlagið nái sama verðgildi og það var árið 2005.

**Greinargerð:**

Eins verði þjónusta ÍBH um íþróttamál gagnvart Hafnarfjarðarbæ skilgreind betur þannig að skýrt verður hvaða þjónusta ÍBH er ætlað að veita Hafnarfjarðarbæ um íþróttamál.

**Þingskjal 6, samþykkt með breytingum.****Tillaga um fjárhagsáætlun ÍBH 2017 og 2018.**

## Fjárhagsáætlun ÍBH 2017 - 2018

### Tekjur

1. Húsaleigutekjur	752.916.000
2. Lottó	47.276.000
3. Styrkur til íþróttastarfs 18 ára og yngri	
3.a. Hafnarfjarðarbær	19.000.000
3.b. Rio Tinto	18.000.000
4. Aðrar tekjur	
4.1. Útbreiðslustyrkur ÍSí	6.145.000
4.2. Rekstrarstyrkur	19.000.000
4.3. Íslenskar getraunir	1.994.000
4.4. Ýmsir styrkir vegna sérverkefna	400.000
4.5. Útseldir tímar	2.200.000
4.6. Verkefnatekjur	1.500.000
4.7. Vaxtatekjur	1.800.000

33.039.000

**Tekjur samtals 870.231.000**

## Gjöld

1. Húsaleiga	752.916.000
2. Lottó	42.549.000
3. Styrkur til starfs 18 ára og yngri	
3.a. Hafnarfjarðarbær	19.000.000
3.b. Rio Tinto	18.000.000
4. Önnur gjöld	
4.1. Afreksmannasjóður	3.000.000
4.2. Afmælisgjafir	250.000
4.3. Skrifstofukostnaður	2.523.000
4.4. Laun, launatengd gjöld, akstur	27.761.000
4.5. Skrifstofuáhöld	400.000
4.6. Fundir og ráðstefnur	1.088.000
4.7. Þing ÍBH	845.000
4.8. Aðk.akstur,sími ofl og aðkeypt vinna	4.230.000
4.9. Endurskoðun bókhalds	800.000
4.10. Sérverkefni	4.400.000
4.11. Kynningarmál	3.000.000
4.12. Ófyrirséð	500.000
	48.797.000

**Gjöld samtals 881.262.000****Tekjuafgangur -11.031.000**

**Íþróttanefnd:** Sigurður Haraldsson gerði grein fyrir störfum nefndarinnar.

**Þingskjal 10, samþykkt með breytingum.**

**Tillaga um að hvetja íþróttafélög til að koma sér upp rekstrarhandbók.**

**50. þing ÍBH haldið 20. maí 2017 í Álfafelli** samþykkir að hvetja aðildarfélög ÍBH til að koma sér upp rekstrarhandbók.

**Greinargerð:**

Verkefnið hefur þau markmið að auka gæðin í starfi félaga og deilda. Verkefnið hvetur félög og deildir til að taka saman upplýsingar um skipurit félaga/deilda og hvaða starfsemi á að bjóða upp á og hvernig. Fyrir nýtt stjórnarfolk í félögum/deildum er ómetanlegt að geta gengið að þessum upplýsingum við upphaf starfsins. Mikilvægt er að endurskoða skipurit, starfsemi, stjórnir, nefndir, hópa o.fl. inn í félögunum / deildum reglulega.

*Vísað er sérstaklega til handbókar um fyrirmyndarfélag ÍSÍ.*

**Þingskjal 11, samþykkt með breytingum.**

**Tillaga um að efla hæfileikamótun íþrótta í Hafnarfirði.**

**50. þing ÍBH haldið 20. maí 2017 í Álfafelli** samþykkir að efla hæfileikamótun íþrótta í Hafnarfirði. *Lögð verði áhersla á að íþróttakennarar grunnskólanna kynni allar íþróttagreinar í kennslu íþrótta.*

**Greinargerð:**

Leita þarf skipulega að hæfileikaríku ungu íþróttafólki í samvinnu við grunn- og framhaldsskóla í Hafnarfirði og nágrenni. Kynna íþróttafélög / íþróttagreinar fyrir þeim og hvað þeim stendur til boða á hverjum stað. Í hæfileikamótun snýst dæmið oft við þ.e. íþróttagreinin velur íþróttafólkið en ekki öfugt.

*Og auki þannig líkur á að iðkendur finni þær íþróttagreinar sem þeim hentar.*

**Þingskjal 12, samþykkt með breytingum.**

**Tillaga um að endurnýja aðildarumsókn ÍBH að UMFÍ.**

**50. þing ÍBH haldið 20. maí 2017 í Álfafelli** samþykkir að endurnýja aðildarumsókn ÍBH að UMFÍ.

**Greinargerð:**

Á síðasta þingi UMFÍ 2015 sótti ÍBH ásamt fimm öðrum íþróttabandalögum um aðild að UMFÍ. ÍRB er eina íþróttabandalagið sem hefur ekki sótt um aðild að UMFÍ. Umsóknir hinna íþróttabandalaganna sex hafa verið í nefnd á vegum UMFÍ sem skilaði álitinu fyrir stuttu. Í álitinu kemur fram að íþróttabandalögin þurfi að endurnýja aðildarumsóknina á næsta þingi UMFÍ haustið 2017, 2/3 fulltrúa á UMFÍ þingi þurfa að samþykkja aðildarumsóknina, hvert íþróttahérað á að hámarki 10 fulltrúa á þingi UMFÍ ef aðild íþróttabandalaga verður samþykkt, skipting tekna frá Íslenskri getspá verður óbreytt til að byrja með en stefnt er að einni heildarskiptingu teknanna til allra sambandsaðila, en það er einnig háð samþykki ÍSÍ. Umræðan um eina heildarskiptingu tekna frá Íslenskri getspá hefur ekki verið tekin við ÍSÍ.

**Það er skoðun íþróttanefndar að það þurfi að endurskoða framtíðarskipulag og hlutverk UMFÍ og ÍSÍ.**

**Þingskjal 18, samþykkt með breytingum.**

**Tillaga um aukið samstarf við íþrótttaafreksbraut Flensborgarskólans.**



**50. þing ÍBH haldið 20. maí 2017 í Álfafelli samþykkir að stjórn ÍBH leiti eftir viðræðum við forsvarsmenn Flensborgarskólans til að ræða hvernig auka megi enn frekar samstarf við íþróttafreksbraut skólans.**

**Greinargerð:**

ÍSÍ, UMFÍ, Háskólinn í Reykjavík og Háskóli Íslands bjóða reglulega upp á fræðsluerindi sem eiga erindi við bæði íþróttamennina og þjálfara á afreksbrautum félaganna. Með samvinnu ÍBH og Flensborgarskólans er stefnt að því að færa valda fræðslu nær þeim sem þurfa á henni að halda.

**Þingskjal 19, samþykkt.**

**Tillaga um aukið ungmennalýðræði.**

**50. þing ÍBH haldið 20. maí 2017 í Álfafelli** samþykkir að hvetja aðildarfélög ÍBH til aukins ungmennalýðræðis.

**Greinargerð:**

Ungt fólk vill í auknu mæli koma sjónarmiðum sínum á framfæri og koma að ákvarðanatöku í málum sem tengjast hagsmunum ungs fólks. Í íþróttahreyfingunni hefur t.d. aukist að fulltrúi íþróttamanna eigi sæti í stjórnnum eða að ungmennaráð séu stofnuð í félögum sem funda um málefni ungs fólks í félögunum og álykti um þau.

**12. Kjör formanns ÍBH.**

Fyrir þinginu lá tillaga um Hrafinkel Marinósson og var hann kjörinn formaður ÍBH 2017 - 2019 með dynjandi lófaklappi.

**13. Kosning í stjórn ÍBH 2017 – 2019.**

Átta kosnir í stjórn ÍBH og tveir til vara.

Eftirtaldir átta aðilar voru kosnir í stjórn ÍBH:

Stjórnarmenn	Félag
Hörður Þorsteinsson	Badmintonfélag Hafnarfjarðar
Ingvar Kristinsson	Fimleikafélagið Björk
Jóhann Óskar Borgþórsson	Brettafélag Hafnarfjarðar
Magnús Gunnarsson	Knattspyrnufélagið Haukar
Ragnar Hilmarsson	Siglingaklúbburinn Þytur
Sveinn Sigurbergsson	Golfklúbburinn Keilir
Viðar Halldórsson	Fimleikafélag Hafnarfjarðar
Þórunn Ansnes	Hestamannafélagið Sörli

Eftirtaldir tveir aðilar voru kosnir til vara.

Stjórnarmenn	Félag
Jelena Kospenda	Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar
Karl Georg Klein	Sundfélag Hafnarfjarðar

**14. Kjör tveggja skoðunarmanna reikninga ÍBH og Afreksmannasjóðs ÍBH og tveggja til vara.**

Tillaga lá fyrir um Ársæl Guðmundsson aðalmann, Ingvar Viktorsson varamann, Guðmund Friðrik Sigurðsson aðalmann og Skúla Valtýsson varamann. Hlutu þeir kosningu með lófaklappi.

### 15. Kosning fulltrúa á ÍSÍ þing.

Vísað til stjórnar. Íþróttþing ÍSÍ var helgina 5. – 6. maí sl.

### 16. Heiðranir.

Hrafnkell Marinósson formaður ÍBH og Magnús Gunnarsson stjórnarmaður ÍBH hengdu merki bandalagsins í einstaklinga sem skarað hafa fram úr í störfum fyrir íþróttahreyfinguna í Hafnarfirði í að minnsta kosti áratug. Íþróttafélögin tilnefna fólk úr sínum röðum til stjórnar ÍBH.

Samþykktar heiðranir sem voru afhentar á 50. þingi ÍBH laugardaginn 20. maí 2017.

Nafn	Félag	Merki	Störf
Gunnar Einar Bjarnason	AÍH	Silfur	Fyrir stjórnarstörf
Klaus Juergen Ohk	SH	Silfur	Fyrir þjálfun
Mladen Tepacevic	SH	Silfur	Fyrir þjálfun
Unnur Karlsdóttir	SH	Silfur	Fyrir þjálfun
Harpa Þrastardóttir	SH	Silfur	Fyrir þjálfun
Hrafnhildur Lúthersdóttir	SH	Silfur	Fyrir íþróttaiðkun
Aron Örn Stefánsson	SH	Silfur	Fyrir íþróttaiðkun
Kolbeinn Hrafnkelsson	SH	Silfur	Fyrir íþróttaiðkun
Sigurður Óli Guðmundsson	SH	Silfur	Fyrir dómgæslu
Kári Kaaber	SH	Silfur	Fyrir dómgæslu og íþróttaiðkun
Vilhjálmur Þorsteinsson	SH	Silfur	Fyrir dómgæslu
Þórunn Snorradóttir	SH	Silfur	Fyrir dómgæslu og stjórnarstörf
Karl Georg Klein	SH	Silfur	Fyrir stjórnarstörf, íþróttaiðkun og dómgæslu
Stefán Kristófersson	SH	Silfur	Fyrir stjórnarstörf og dómgæslu
María Guðmundsdóttir	SH	Silfur	Fyrir stjórnarstörf og fagteymisstörf

Erla Björg Garðarsdóttir	SH	Silfur	Fyrir stjórnarstörf og dómgæslu
Guðni Guðnason	SH	Silfur	Fyrir íþróttaiðkun og dómgæslu
Jóhann Samsonarson	SH	Silfur	Fyrir íþróttaiðkun
Gunnar Smith	FH	Silfur	Fyrir stjórnarstörf og dómgæslu
Bjarki Bjarnason	FH	Silfur	Fyrir stjórnarstörf og dómgæslu
Sigurlaug Ingvarsdóttir	FH	Silfur	Fyrir stjórnarstörf, dómgæslu og foreldrastarf
Pétur Sigurgeirsson	FH	Silfur	Fyrir þjálfun, dómgæslu og félagsstörf
Gísli Guðmundsson	FH	Silfur	Fyrir stjórnarstörf, dómgæslu og foreldrastarf
Sólveig Kristjánsdóttir	FH	Silfur	Fyrir stjórnarstörf, dómgæslu og foreldrastarf

### 17. Önnur mál.

Engin.

### 18. Þingslit.

Hrafnkell óskaði nýrri stjórn til hamingju með kosninguna, þakkaði starfsmönnum fyrir vinnu við þingið og sérstaklega Ferdinand fyrir skjóta framgöngu í stjórnarkjöri sem var breytt á þessu þingi. Einnig þakkaði hann Rósu Guðbjartsdóttur forseta bæjarráðs fyrir hennar viðveru og þátttöku í þinginu og að lokum þakkaði hann bænum fyrir boðið í Hafnarborg.

Þinghaldinu seinkaði töluvert miðað við áætlun og var því slitið kl. 16.00, klukkustund seinna en áætlað var.

Að þingi loknu bauð bæjarstjórn Hafnarfjarðar þingfulltrúum og gestum í móttöku í Hafnarborg.

# Rio Tinto

*Stuðningsaðili barna- og unglíngastarfs  
aðildarfélaga ÍBH*